



Uppgjör 1 F 2024

24. apríl 2024

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 1F 2024**

- Uppgjör 1F 2024


- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 1F 2024

Vörusala

32,2 ma.kr.


+9,3% milli ára



Framlegð af vörusölu

21,8%


+0,7 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

56,1%


-2,9 p.p. milli ára



EBITDA

1.898 m.kr.


+35,5% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

27,0%


+4,5 p.p. milli ára



Handbært fé frá rekstri


538 m.kr.

-56,6% milli ára




Fjöldi viðskiptavina og sala á fyrsta ársfjórðungi eykst milli ára


■ 2023 ■ 2024



Fjöldi afgreiðslna



Fjöldi seldra vara




Fjöldi seldra lítra




Aukning í bæði innlendri og erlendri kortaveltu

2023 2024



1F 2023 1F 2024

Innlend kortavelta



1F 2023 1F 2024

Erlend kortavelta



Það helsta í pípunum hjá Festi



Undirbúningur sölumeðferðar ODR, EBK og EAK hafinn

- ◆ Festi og Hagar sendu tilkynningu til Kauphallarinnar 10. apríl sl. þar sem greint var frá því að félögin hafi komist að samkomulagi um að **hefja undirbúning sölumeðferðar** á eignarhlutum félaganna í innviðafélögunum.



Sáttaviðræður hafnar við Samkeppniseftirlitið

- ◆ SKE hefur fallist á beiðni Festi um að **hefja sáttaviðræður** um möguleg skilyrði vegna kaupa Festi á öllu hlutafé í Lyfju hf.
- ◆ Unnið er að ná sátt í málinu en miðað við núverandi tímafresti þyrfti málinu að ljúka eigi síðar en 21. maí.



Kaupréttarkerfi sett á laggirnar

- ◆ Á aðalfundi Festi 6. mars sl. samþykktu hluthafar tillögu frá stjórn félagsins um að **komið yrði á fót kaupréttarkerfi fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar.**
- ◆ Frekari upplýsingar er að finna í kaupréttaráætlun og tilkynnt verður um þátttöku þegar hún liggur fyrir.

ELKO í stöðugum vexti



- ♦ Raftækjamarkaður stækkaði um 7% á ársfjórðungnum skv. kortaveltu mælingum RSV og var **ELKO var með 5% aukningu**.
- ♦ Útsöllumánuðurinn janúar skilaði **9% aukningu í veltu** frá fyrra ári og sýndi fjórðungurinn í heild sinni vöxt frá fyrra ári.
- ♦ **Vefverslun** heldur **sama hlutfalli af veltu¹ í fjórðungnum milli ára eða um 25%**.
- ♦ **Sala til fyrirtækja eykst áfram** og var **19,1% af heildarveltu** á fjórðungnum á móti 18% á fyrra ári.
- ♦ **Ný verslun ELKO í komusal KEF Airport** heldur áfram að sanna sig með **33% aukningu í sölu** milli ára á fyrsta ársfjórðungi.
- ♦ **Framkvæmdir að hefjast í ELKO Lindum en verslunin er önnur veltuhæsta** af 400 verslunum undir vörumerkjum Elkjop á Norðurlöndunum.
- ♦ **ELKO er menntafyrirtæki ársins 2024** sem eru verðlaun til fyrirtækja sem skara fram úr í fræðslu- og menntamálum.



Krónan í áframhaldandi sókn

- ♦ **Hlutdeild** Krónunnar á dagvörumarkaði er **34%** skv. markaðskönnun Gallup og hefur aukist statt og stöðugt.
- ♦ **Fjöldi afgreiðslna** í Krónuverslunum **jókst um 13%** miðað við sama tímabil í fyrra.
- ♦ **Velta Snjallverslunar jókst um 26% milli ára – sókn á landsbyggðinni heldur áfram** og hófust heimsendingar til Húsavíkur og Vestmannaeyja á fjórðungnum.
- ♦ Glæsileg **sjálfbærnisráðgjafing** gefin út á fjórðungnum og **stefnir Krónan á að verða nettó-núll árið 2035.**
- ♦ **Krónan valin vörumerki ársins þriðja árið í röð – staðfestir enn og aftur árangur félagsins í að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina.**



N1 bætir við þjónustuframboð sitt



- ♦ **N1 og Tesla hafa tekið fyrstu skrefin í uppbyggingu hraðhleðslustöðva** skv. rammasamkomulagi sem undirritað var á ársfjórðungnum og opnar brátt **stærsti hleðslugarður sinnar tegundar** á Íslandi við Flugvelli í Keflavík með 25 hleðslustæðum.
- ♦ **Afgreiðslufjöldi á þjónustustöðvum dróst saman um 1%** miðað við sama tímabil og í fyrra og um 4% á sjálfsölum. **Samdráttur var í fjölda ferðamanna milli ára og veðurskilyrði slæm** sérstaklega í aðdraganda páska sem hafði áhrif á ferðalög.
- ♦ Kiosk **sjálfsafgreiðslukassar** tóku á mótí **20%** af veitingapöntunum á fjórðungnum¹.
 - ♦ Til að auka afgreiðslugetu á álagstímum verða sjálfsafgreiðslukassar teknir í notkun í verslunarhluta þjónustustöðvarinnar í Borgarnesi fyrir sumarið.
- ♦ **N1 Bílapvottur** mun opna **sex sjálfvirkar bílapvottastöðvar** og **tvær sjálfsafgreiðslustöðvar með þvottabás**um á 2. og 3. ársfjórðungi og þar með auka þjónustuframboð sitt enn frekar í bílaþjónustu.



Yrkir sérhæfir sig í uppbyggingu, eignaumsýslu og þróun fasteigna um allt land

- ◆ Festi fasteignir fékk nýtt nafn á fjórðungnum:


Yrkir eignir

- ◆ Breytingunni mun fylgja meiri áhersla á upplýsingagjöf um fasteignarekstur samstæðunnar

Yrkir

Lykiltölur í rekstri Yrkis

- 93** þúsund fermetrar af atvinnuhúsnæði í eigu eða rekstri félagsins
- 14** þúsund fermetrar af lóðum á höfuðborgarsvæðinu í þróun fyrir breytta notkun
- 24** ólíkir leigutakar með ólíkar þarfir
- 75%** eignasafns á höfuðborgarsvæðinu
- 98%** fermetra í nýtingu



Fasteignir um allt land

Fasteignasafn Yrkis á sér ríka sögu sem spannar meira en heila öld. Fasteignasafnið hefur verið byggt upp til að mæta þörfum okkar viðskiptavina, hvort sem er á ferðalagi eða í heimabyggð. Við einblínum á að fasteignasafn okkar standist tímans tönn.

Þróunarverkefnum miðar áfram

Lóðir í þróun

- ◆ **Ægisíða 102:** Þrjár arkitektastofur fengnar til að gera tillögur um þróun lóðar – tillögurnar verða að finna á heimasíðu félagsins; yrkir.is.
- ◆ **Stóragerði 40 og Skógarsel 10:** Unnið er að deiliskipulagsuppdráttum¹. Stöð við Stóragerði lokað um sl. áramót.
- ◆ **Rofabær 39:** Samþykkt hverfis skipulag með samþykktum heimildum liggur fyrir.






- Starfsemin á 1F 2024
- **Uppgjör 1F 2024**
- Staða og horfur

Rekstur 1. ársfjórðungs 2024


- ◆ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 2,7 ma. kr. eða 9,3% á milli ára.
- ◆ **Framlegð af vörusölu** nam 7.033 millj. kr. Aukningin nam 806 millj. kr. eða 12,9% á milli ára.
- ◆ **Framlegðarstig** nam 21,8% og lækkar um 1,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi 2023 en hækkar um 0,7 p.p. milli ára.
- ◆ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.947 millj. kr., hækkan um 274 millj. kr. eða 7,5% milli ára.
- ◆ **Stöðugildin** voru 1.330 á fjórðungnum, aukning um 33 eða 2,5% á milli ára.
- ◆ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 2,8% milli ára.
- ◆ **EBITDA** 1.898 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2024, hækkan um 497 millj. kr. eða 35,5% milli ára.
- ◆ **Hagnaður tímabilsins** nam 202 millj. kr. og hækkar um 293 millj. kr. milli ára.

| Milljónir króna | 1F 2024 | 1F 2023 | Breyt. | % Breyt. |
|-------------------------------------|---------|---------|-----------|----------|
| Tekjur af vöru- og þjónustusölu | 32.223 | 29.484 | 2.740 | 9,3% |
| Framlegð af vörusölu | 7.033 | 6.227 | 806 | 12,9% |
| Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur | 508 | 497 | 11 | 2,2% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (3.947) | (3.673) | (274) | 7,5% |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.696) | (1.651) | (45) | 2,8% |
| EBITDA | 1.898 | 1.401 | 497 | 35,5% |
| EBIT | 974 | 473 | 501 | 106,0% |
| EBT | 230 | (172) | 402 | 234,0% |
| Hagnaður tímabilsins | 202 | (91) | 293 | 321,6% |
| Lykiltölur | | | | |
| EBITDA/framlegð af vörusölu | 27,0% | 22,5% | +4,5 p.p. | 20,0% |
| Laun/framlegð af vörusölu | 56,1% | 59,0% | -2,9 p.p. | -4,8% |
| Hagnaður á hlut | 0,67 | -0,30 | 0,97 | 323,3% |


Vörusala



Framlegð af vörusölu




EBITDA




Ytri áhrifapættir 1F 2024

- ♦ **Þróun verðlags, launa og vaxtastigs**
 - ♦ **Hækkun launavísitölu sl. 12 mánuði nam 8,3%.** Launavísitalan mældist 995,6 í lok fjórðungsins samanborið við 919,3 í lok fyrsta fjórðungs 2023.
 - ♦ **Hækkun neysluverðsvísitölu sl. 12 mánuði nam 6,8%.** Neysluverðsvísitala mældist 620,3 í lok fjórðungsins samanborið við 580,7 í lok mars 2023.
 - ♦ **Hækkun stýrivaxta Seðlabankans sl. 12 mánuði nam 175 p.p.** Stýrivextir voru 9,25% í lok fjórðungsins samanborið við 7,5% í lok mars 2023.

Verðbólga og vísitala launa (ársbreyting)



Stýrivextir Seðlabanka Íslands




Ytri áhrifapættir 1F 2024


- ◆ Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli ára:
 - ◆ **Gasolía lækkaði um 8,6% á 1F 2024** en lækkaði um 17,0% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 2,3% lægra milli ára.
 - ◆ **Bensín hækkaði um 23,8% á 1F 2024** en hækkaði um 7,3% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 3,7% lægra milli ára.

- ◆ Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 4F 2023:
 - ◆ **USD styrktist** um 2,4% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 3,1%.
 - ◆ **EUR styrktist** um 0,2% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 2,3%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel




Þróun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 1. ársfjórðungi

- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum nema öðrum vörum og þjónustu frá fyrra ári. **Framlegðarstig hækkar** í eldsneyti, rafmagni og raftækjum en lækkar í dagvöru og öðrum vörum og þjónustu.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 7.033 millj. kr. og eykst um 12,9% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 1F 2024 var 21,8%**, lækkar um 1,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,7 p.p. frá síðasta ári.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 14,8% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 24,7%, **raftæki** aukast um 11,3% og **aðrar vörur** lækka um 12,9% milli ára.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki



Aðrar vörur og þjónusta




Laun og starfsmannakostnaður á 1F 2024


- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.947 millj. kr. og hækkar um 274 millj. kr. eða 7,5% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum** fjölgar um **33 milli ára** og nemur hækkunin um 83 millj. kr.
 - ♦ Nýtt verkstæði á Flugvöllum, Ísey á Granda, aukning tengd útrás Snjallverslunar ásamt auknum umsvifum skýra aukninguna milli ára.
- ♦ **Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana** nemur 107 millj. kr. milli ára.
- ♦ **Hækkun milli ára** nemur **5,1%** án áhrifa aukningar í stöðugildum.

| | |
|---|--------------|
| Laun og starfsmannakostnaður 1F 2023 | 3.673 |
| Stöðugildi - breyting | 83 |
| Samningsbundnar launahækkanir | 107 |
| Orlofsskuldbinding | 62 |
| Aðrar breytingar | 23 |
| Laun og starfsmannakostnaður 1F 2024 | 3.947 |

Laun og starfsmannakostnaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára



N1 - Helstu niðurstöður á 1F 2024

- Tekjur námu 11.765 millj. kr., aukning um 45 millj. kr. eða 0,4% á milli ára.
- Sala eldsneytis- og rafmagns eykst um 91 millj. kr. eða 1,1%. Salan nam 46,7 millj. lítrum sem er 11,1% aukning frá síðasta ári. Ágæt magnaukning var í öllum tegundum nema í sölu á verksmiðjuolíu.
- Framlegð í eldsneyti hækkar um 279 millj. kr. eða 24,7% en lækkar í öðrum vörum og þjónustu um 90 millj. kr. eða 12,9%.
- EBITDA nam 391 millj. kr. sem er hækkun um 60 millj. kr. eða 18,2% á milli ára.
- Tap á fjórðungnum var 376 millj. kr., og lækkar um 142 millj. kr á milli ára.



Afgreiðslustaðir eldsneytis



Hjólbarða og smurverkstæði



Afgreiðslustaðir rafhleðslu

| | 1F 2024 | 1F 2023 | Breyting | % |
|-----------------|----------|----------|-----------|--------|
| Heildartekjur | 11.765 | 11.721 | 45 | 0,4% |
| Heildargjöld | (11.375) | (11.390) | 16 | -0,1% |
| EBITDA | 391 | 330 | 60 | 18,2% |
| EBITDA-hlutfall | 3,3% | 2,8% | +0,5 p.p. | 17,8% |
| EBIT | (283) | (380) | 97 | -25,5% |
| EBIT-hlutfall | -2,4% | -3,2% | +0,8 p.p. | -25,8% |
| Hagnaður | (376) | (519) | 142 | -27,4% |

Krónan - Helstu niðurstöður á 1F 2024

- Tekjur 17.101 millj. kr. hækkun um 2.608 millj. kr. eða 18,0% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana en nýir staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Mikil pressa á framlegðarstig, kassaframlegð stendur í stað en rýrnun eykst milli ára.
- EBITDA 1.237 millj. kr., sem er hækkun um 286 millj. kr eða 30,1% á milli ára.
- Hagnaður nam 463 millj. kr. sem er hækkun um 192 millj. kr. eða 70,6% á milli ára.



27
Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með svansvottun



7 ár
Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

| | 1F 2024 | 1F 2023 | Breyting | % |
|-----------------|-----------------|----------|-----------|-------|
| Heildartekjur | 17.101 | 14.493 | 2.608 | 18,0% |
| Heildargjöld | (15.865) | (13.542) | (2.322) | 17,1% |
| EBITDA | 1.237 | 951 | 286 | 30,1% |
| EBITDA-hlutfall | 7,2% | 6,6% | +0,7 p.p. | 10,2% |
| EBIT | 688 | 434 | 254 | 58,5% |
| EBIT-hlutfall | 4,0% | 3,0% | +1,0 p.p. | 34,3% |
| Hagnaður | 463 | 271 | 192 | 70,6% |

ELKO - Helstu niðurstöður á 1F 2024

- Tekjur 4.087 millj. kr., aukning um 205 millj. kr. eða 5,3% á milli ára.
- Aukning veltu í öllum verslunum milli ára nema Granda og Skeifunni þar sem velta lækkar óverulega.
- Ný endurbætt verslun á Keflavíkurflugvelli fer vel af stað, aukningin nemur 33% milli ára.
- Framlegðarstig hækkar frá síðasta ársfjórðungi og á milli ára.
- EBITDA 292 millj. kr. sem er aukning um 73 millj. kr. eða 33,3% á milli ára.
- Hagnaður nam 117 millj. kr. sem er aukning um 59 millj. kr. eða 100,9% milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2023



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023

| | 1F 2024 | 1F 2023 | Breyting | % |
|-----------------|----------------|---------|-----------|--------|
| Heildartekjur | 4.087 | 3.882 | 205 | 5,3% |
| Heildargjöld | (3.795) | (3.663) | (132) | 3,6% |
| EBITDA | 292 | 219 | 73 | 33,3% |
| EBITDA-hlutfall | 7,1% | 5,6% | +1,5 p.p. | 26,6% |
| EBIT | 144 | 85 | 59 | 69,0% |
| EBIT-hlutfall | 3,5% | 2,2% | +1,3 p.p. | 60,5% |
| Hagnaður | 117 | 58 | 59 | 100,9% |

Yrkiir - Helstu niðurstöður á 1F 2024

 **84**
Fasteignir í eigu samstæðunnar

 **98%**
Húsnæðis í útleigu

 **90%**
Eigin not húsnæðis


- Allur fasteignarekstur samstæðunnar færður undir Yrki frá 1. janúar 2024 sem gera samanburð við sama tímabil erfiðan.
- Tekjur 1.050 millj. kr., aukning um 609 millj. kr. eða 137,8% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) 891 millj. kr. en var 916 millj. kr. fyrir alla samstæðuna á Q1 2023.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% og er óbreytt milli ára.
- EBITDA nam 815 millj. kr. og hagnaður tímabilsins 20 millj. kr.

| | 1F 2024 | 1F 2023 | Breyting | % |
|-----------------|--------------|---------|------------|---------|
| Heildartekjur | 1.050 | 442 | 609 | 137,8% |
| Heildargjöld | (235) | (110) | (125) | 113,3% |
| EBITDA | 815 | 331 | 484 | 145,9% |
| EBITDA-hlutfall | 77,6% | 75,0% | +2,6 p.p. | 3,4% |
| EBIT | 447 | 268 | 179 | 66,8% |
| EBIT-hlutfall | 42,5% | 60,6% | -18,1 p.p. | -29,8% |
| Hagnaður | 9 | (11) | 20 | -180,9% |


Efnahagsreikningur 31.03.2024

| Milljónir króna | 31.3.2024 | 31.12.2023 | Breyt. | % |
|----------------------------|---------------|---------------|--------------|-------------|
| Viðskiptavild | 14.842 | 14.842 | 0 | 0,0% |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.229 | 4.260 | (31) | -0,7% |
| Rekstrarfjármunir | 35.736 | 35.779 | (42) | -0,1% |
| Leigueignir | 8.383 | 8.097 | 286 | 3,5% |
| Fjárfestingarfasteignir | 6.764 | 6.647 | 117 | 1,8% |
| Eign í hlutdeildarfélögum | 2.704 | 2.621 | 84 | 3,2% |
| Eign í öðrum félögum | 14 | 14 | 0 | 0,0% |
| Langtímakröfur | 145 | 145 | 0 | 0,2% |
| Fastafjármunir alls | 72.818 | 72.405 | 414 | 0,6% |
| Birgðir | 14.399 | 13.557 | 842 | 6,2% |
| Viðskiptakröfur | 6.627 | 5.985 | 642 | 10,7% |
| Aðrar skammtímakröfur | 893 | 723 | 169 | 23,4% |
| Handbært fé | 2.961 | 3.362 | (401) | -11,9% |
| Veltufjármunir alls | 24.880 | 23.627 | 1.252 | 5,3% |
| Eignir samtals | 97.698 | 96.032 | 1.666 | 1,7% |

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- ♦ Heildareignir námu **97.698 millj. kr. og hækka um 1.666 millj. kr. frá áramótum.**
- ♦ Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir **hækka um 74 millj. kr.**
- ♦ Vörubirgðir **hækka um 842 millj. kr.** frá áramótum vegna **aukinna umsvifa**
- ♦ Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur **hækka um 812 millj. kr. frá áramótum.**
- ♦ **Handbært fé 2.961 millj. kr. í lok árs** sem er 401 millj. kr. lækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 31.03.2024

| Milljónir króna | 31.3.2024 | 31.12.2023 | Breyt. | % |
|---------------------------------|-----------|------------|--------|-------|
| Eigið fé | 35,140 | 35,842 | (702) | -2.0% |
| Skuldir við lánastofnanir | 26,858 | 26,681 | 177 | 0.7% |
| Leiguskuldir | 8,058 | 7,793 | 265 | 3.4% |
| Tekjuskattskuldbinding | 6,215 | 6,185 | 29 | 0.5% |
| Langtímaskuldir alls | 41,130 | 40,659 | 471 | 1.2% |
| Skuldir við lánastofnanir | 1,811 | 1,807 | 4 | 0.2% |
| Leiguskuldir | 889 | 859 | 30 | 3.5% |
| Viðskiptaskuldir | 10,324 | 9,760 | 563 | 5.8% |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8,403 | 7,104 | 1,300 | 18.3% |
| Skammtímaskuldir alls | 21,427 | 19,531 | 1,897 | 9.7% |
| Skuldir og eigið fé alls | 97,698 | 96,032 | 1,666 | 1.7% |

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA



- ♦ **Eiginfjárhluftfall 36,0%** í lok tímabilsins.
- ♦ Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 1.863 millj. kr.**, þar af viðskiptaskuldir um 563 millj. kr.
- ♦ **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 34.655 millj. kr. og **hækka um 877 millj. kr. frá áramótum.**
- ♦ Fjármagnsskipan samstæðunnar er **í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 1F 2024

- ◆ **Handbært fé frá rekstri nam 538 millj. kr. og lækkar um 701 millj. kr. milli ára.**
- ◆ **Fjárfestingar námu 741 millj. kr. á 1F 2024, minnkun um 112 millj. kr. milli ára.**
- ◆ **Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 225 millj. kr.**
- ◆ **Lækkun handbærs fjár á 1F 2024 nam 401 millj. kr.**

| Milljónir króna | 1F 2024 | 1F 2023 | Breyt. | % |
|-----------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Handbært fé í upphafi tímabils | 3.362 | 2.112 | 1.250 | 59,2% |
| Handbært fé frá rekstri | 538 | 1.238 | (701) | -56,6% |
| Fjárfestingar | (741) | (852) | 112 | -13,1% |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar | 6 | 37 | (31) | -82,7% |
| Viðskipti við hluthafa | 0 | (533) | 533 | -100,0% |
| Viðskipti við lánastofnanir | (225) | (199) | (26) | 13,2% |
| Gengismunur af handbæru fé | 21 | 20 | 1 | 2,5% |
| Handbært fé í lok tímabils | 2.961 | 1.823 | 1.138 | 62,4% |






- Starfsemin á 1F 2024
- Uppgjör 1F 2024
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX

| Hluthafar (10 stærstu) | % |
|---------------------------------|------|
| Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild | 11.5 |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 11.1 |
| Gildi - lífeyrissjóður | 9.7 |
| Brú Lífeyrissjóður starfs sveit | 8.9 |
| Birta lífeyrissjóður | 5.3 |
| Almennir lífeyrissjóðurrinn | 4.8 |
| Stapi lífeyrissjóður | 4.6 |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 3.2 |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 3.1 |
| Stefnir - Innlend hlutabréf hs. | 3.0 |

| Markaðsupplýsingar | 31.3.2024 | 31.12.2023 | Breyting |
|---------------------|--------------|--------------|----------|
| Útistandandi hlutir | 301 m. | 301 m. | 0.0% |
| Verð í lok tímabils | 189 kr. | 205 kr. | -8.0% |
| Markaðsvirði | 56,786 m.kr. | 61,757 m.kr. | -8.0% |
| Velta 12m | 18,530 m.kr. | 22,781 m.kr. | -18.7% |
| Fjöldi hluthafa | 1,190 | 1,191 | -0.1% |



Helstu atriði og horfur árið 2024

Helstu atriði:

- ♦ **Rekstur fjórðungsins gekk ágætlega** og var niðurstaðan betri en áætlanir félagsins.
- ♦ **Vörusala fjórðungsins jókst** um 9,3% og **framlegð af vörusölu um 12,9%**.
- ♦ **Rekstrarkostaður hækkar á sama tíma um 6,0%**.
- ♦ **Mikill fókus áfram** á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun rekstrarkostnaðar.
- ♦ **Sáttaviðræður hafnar við SKE varðandi möguleg skilyrði vegna kaupa Festi á öllu hlutafé Lyfju.**
- ♦ **Undirbúningur sölumeðferðar ODR, EBK og EAK hafinn.**
- ♦ **Kaupréttakerfi innleitt** fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar fyrir lok apríl.

Afkomuspá og fjárfestingaspá ársins 2024

- ♦ **EBITDA spá Festi** fyrir árið 2024 hækkuð um 300 millj. kr. og nemur **11.500 – 11.900 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá Festi** fyrir árið 2024 nemur **4.400 – 4.800 millj. kr.**

Forsendur og áhætta:

- ♦ Áhrif stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild.
- ♦ Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- ♦ Há verðbólga og gengi íslensku krónunnar.
- ♦ Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttá sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

